

GJALDSKRÁ

Meindýravarna Reykjavíkurborgar.

1. gr.

Fyrir þjónustu og útrýmingarefni Meindýravarna Reykjavíkurborgar skal umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald skal innheimt fyrir eyðingu meindýra en þó skal ekkert gjald tekið fyrir eyðingu á músum og rottum. Tímagjald vegna þjónustuverkefna og gjald fyrir akstur skal vera sem hér segir:

Tímagjald	4.760 kr./klst.
Akstur	2.000 kr./ferð.

3. gr.

Fyrir útrýmingarefni skal greiða gjald miðað við innkaupaverð og notað magn efnis ásamt 40% umsýsluþóknun.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarráði Reykjavíkur, með heimild í 5.mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi 1. janúar 2024. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Meindýravarna Reykjavíkurborgar nr. 998/2023.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 15. nóvember 2023.

Dagur B. Eggertsson.

B-deild – Útgáfudagur: 29. nóvember 2023